
2 mánaða uppgjör – frávikagreining

Niðurstaða Aðalsjóð fyrstu tvo mánuði ársins er halli upp á 527 millj.kr. í samanburði við áætlun upp á 539 millj.kr. Frávik í Aðalsjóði eru því 12,5 millj.kr. Stærstu frávikin er að finna í skatttekjum, félagsþjónustu, fræðslu- og uppeldismálum, æskulýðs og íþróttamálum, hreinlætismálum, umferðar- og samgöngumálum, umhverfismál, sameiginlegum kostnaði og fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

- Frávik í skatttekjum eru jákvæð um 11,5 millj.kr.
- Frávik í félagsþjónustu eru jákvæð um 3,8 millj.kr.
- Frávik í fræðslu- og uppeldismálum eru neikvæð um 17,3 millj.kr.
- Frávik í æskulýðs- og íþróttamálum eru jákvæð um 41,5 millj.kr.
- Frávik í hreinlætismálum eru neikvæð um 8,5 millj.kr.
- Frávik í skipulags- og byggingardeild eru neikvæð um 3,5 millj.kr.
- Frávik í umferðar og samgöngumálum eru jákvæð um 14,9 millj.kr.
- Frávik í umhverfismálum eru neikvæð um 6,2 millj.kr.
- Frávik í sameiginlegum kostnaði eru jákvæð um 4,2 millj.kr.
- Frávik í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum eru neikvæð um 27,4 millj.kr.

Niðurstaða A-hluta fyrstu tvo mánuði ársins er halli upp á 595 millj.kr. í samanburði við áætlun upp á 592 millj.kr. Frávik í A-hluta samtals eru því 3,1 millj.kr.

- Frávik í eignarsjóði eru neikvæð um 12,2 millj.kr.
- Frávik í þjónustumiðstöð eru neikvæð um 3,4 millj.kr.

Niðurstaða samstæðu sveitarfélagsins fyrir fyrstu 2 mánuði ársins er halli upp á 513,6 millj.kr. í samanburði við áætlun upp á 492,2 millj.kr. Neikvæð frávik í samstæðu eru því 20 millj.kr. Stærstu frávikin í B-hluta einingum eru í Byggingarsjóði aldraðra, Vatnsveitu og Selfossveitum.

- Frávik í byggingarsjóði aldraðra eru neikvæð um 8,1 millj.kr.
- Frávik í fráveitu eru jákvæð um 1,2 millj.kr.
- Frávik í vatnsveitu eru neikvæð um 4,0 millj.kr.
- Frávik í Selfossveitum eru jákvæð um 5,8 millj.kr.
- Frávik í Sandvíkursetri ehf. eru neikvæð um 2,0 millj.kr.

Fjölskyldusvið

02 Félagsþjónusta - Jákvætt frávik 11 millj. kr.

Stærstu frávikin í milljónum talið. Stærstu frávikin eru eftirfarandi:

- Skrifstofa félagslegra þjónustu - Jákvætt frávik 4,7 m.kr.
- Fjárhagsaðstoð - Neikvætt frávik 1,7 m.kr.
- Félagsleg heimaþjónusta – Neikvætt frávik 9,6 m.kr.
- Barnavernd - Neikvætt frávik 5,3 m.kr.
- Árblik dagvist aldraðra - Neikvætt frávik 5,4 m.kr.
- Liðveisla - Jákvætt frávik 4,2 m.kr.
- Málefni fatlaðra – Árborg – Jákvætt frávik 9,1 m.kr.
- Ferðaþjónusta fatlaðra – Neikvætt frávik 2,9 m.kr.

- Heimilið Vallholti 27 – Neikvætt frávik 3,4 m.kr.
- Þjónustumiðstöð Álftarima 2 – Jákvætt frávik 8,0 m.kr.

02021 Skrifstofa félagslegra þjónustu - Jákvætt frávik 4,7 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávik 0,7 m. kr.

Skýring: Millifærsla launa v. landshlutaverkefni

Laun - Neikvætt frávik 1.3 m. kr.

Skýring: Vantar hluta af millifærslu launa vegna landshlutaverkefnis

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávik 5,3 m. kr.

Skýring: reikningur á að færast af lykli 02110

02110 Fjárhagsaðstoð - Neikvætt frávik 1,7 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávik 1,4 m. kr.

Skýring: reikningar á að færast á vörur og þjónustukaup í 02021

02115 Auðlindin – Jákvætt frávik 0,9 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávik 0,7 m. kr.

Skýring: Endurgreiðsla úr ríkissjóði vegna vinnustaðasamnings starfsmanns fyrri hluta árs.

02150 Félagsleg heimaþjónusta – Neikvætt frávik 9,6 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávik 2,8 m. kr.

Skýring: Vantar tekjur á móti kostnaði fyrir seldan mat á lykli **0540**, koma inn fljótlega.

Laun - Neikvætt frávik 3,0 m. kr.

Skýring: Laun og launatengd gjöld vegna fimm starfsmenn sem fengu greidd laun í gegnum reksturinn í Álftarimanum (02570) en eru undir Félagslega Heimaþjónustu (02150). Verður komið í lag í mars samkv launadeild.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávik 3,8 m. kr.

Skýring: Vanáætlað, þarf að gera viðauka. Í vinnslu

02310 Barnavernd - Neikvætt frávik 5,3 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 10,0 m. kr.

Skýring: laun v/vistunar barna færð á lykil 9130 kemur rétt í mars.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávik 15,0 m. kr.

Skýring: Ath vistun barna er í skoðun er 14.6 m.kr.

02320 Forvarnaráætlun - Jákvætt frávik 1,5 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávik 1.5 m. kr.

Höfum ekki náð að keyra öll þau verkefni sem ætlunin var vegna covid.

02410 Árblik dagvist aldraðra - Neikvætt frávik 5,4 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 4,4 m. kr.

Skýring: Vantar greiðslur frá ríkinu og mögulega ofátlaðar tekjur er í skoðun.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 0,7 m. kr.

Skýring: Akstur, hreinlætisvörur, rafmagn og matvæli dýrara en áætlað var.

02411 Vinaminni – Neikvætt frávík 1,2 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 3,2 m. kr.

Skýring: Hærri greiðsla en gert var ráð fyrir.

Laun - Jákvætt frávík 0,6 m. kr.

Skýring: Minni launakostnaður.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 1,4 m. kr.

Skýring: ókomnir reikningar frá Dögum hreingerningar þjónustu.

02510 Liðveisla - Jákvætt frávík 4,2 m. Kr.

Laun - Jákvætt frávík 4,3 m. kr.

Skýring: Minni nýting v. covid en áætlað var.

02512 Málefni fatlaðra - Árborg – Jákvætt frávík 9,0 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávík 9,0 m. kr. þar af framlög 9,0 m. kr

02515 Ferðapjónusta fatlaðra – Jákvætt frávík 2,9 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávík 1,5 m. kr.

Skýring: Minni nýting v. covid en áætlað var.

02550 Heimilið Vallholti 27 – Neikvætt frávík 3,4 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 3,4 m. kr.

Skýring: Starfsmaður í veikindaleyfi vegna vinnuslyss í 1 ½ mánuð og á meðan því stóð þurfti afleysingu. covid smit kom upp hjá starfsmanni og var viðkomandi starfsmaður frá í mánuð, aðrir starfsmenn fóru í sóttkví og þurfti því afleysingu.

Villa í launum/fatapeningi hjá einum starfsmanni, verður leiðrétt.

02560 Heimilið Vallholti 9 – Neikvætt frávík 1,1 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 1,1 m. kr.

Skýring: Vegna veikinda og afleysingar vetrarleyfa starfsfólks, sem líklega hefur verið of lágt áætlað.

02561 Heimilið Vallholti 12-14 – Jákvætt frávík 1,0 m. kr.

Laun – Jákvætt frávík 0,7 m. kr.

Skýring: Eigum eftir að manna eina stöðu sem sótt var um, verður gert með vaktabreytingum 1 maí.

02570 Þjónustumiðstöð Álftarima 2 – Jákvætt frávík 8,0 m. kr.

Tekjur - jákvætt frávik 0,7 m. kr.

Skýring: Innkoma af verkefni sem ekki var sett inn í fjárhagsáætlun.

Laun - jákvætt frávik 6,3 m. kr.

Skýring: Laun og launatengd gjöld vegna fimm starfsmenn sem fengu greidd laun í gegnum reksturinn í Álfarímanum (02570) en eru undir Félagslega Heimaþjónustu (02150). Verður komið í lag í mars samvæmt launadeild.

02580 Viss Gagnheiði 39 – Jákvætt frávik 1,5 m. kr.

Laun - jákvætt frávik 1,0 m. kr.

Skýring: Í launa áætlun var gert ráð sérfræðing 80% stöðu en hann hætti í desember 2020 en í staðin var ráðið félagsliði í 100 % í apríl s.l. Rekstraráætlun ekki er farið að nýta handleiðsluna.

02590 Stuðningsfjölskyldur – Neikvætt frávik 1,0 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 2,0 m. kr.

Skýring: þarf að færa til á milli lykla vistuna og launa búið að laga í áætlun og kemur rétt í mars.

Vistun - Neikvætt frávik 3,0 m. kr.

Skýring: þarf að færa til á milli lykla vistuna og launa. búið að laga í áætlun og kemur rétt í mars.

02810 Ýmsir styrkir – Jákvætt frávik 2,0 m. kr.

Vöru og þjónustukaup

- jákvætt frávik 2,0 m. kr., þar af millifærsla kr. 2,9 m. kr.

04 Fræðslusvið - Neikvætt frávik 17,3 m. kr.

Stærstu frávikin í krónum talið. Stærstu frávikin eru eftirfarandi:

- Álfheimar neikvæð frávik 4,0 millj.kr.
- Hulduheimar neikvæð frávik 3,6 millj.kr.
- Árbær neikvæð frávik 10,0 millj.kr.
- Jötunheimar neikvæð frávik 2,2 millj.kr.
- Goðheimar jákvætt frávik 10,8 millj.kr.
- Endurgreitt. v/grunnskólabarna jákvæð frávik 10,0 millj.kr.
- Sunnulækjarskóli neikvæð frávik 8,7 millj.kr.
- BES neikvæð frávik 9,9 millj.kr.
- Bifröst frístundaheimili neikvæð frávik 2,1 millj.kr.

04115 Álfheimar - Neikvætt frávik 4,0 m. Kr.

Laun - Neikvætt frávik 3,4 m. kr.

Skýring: Mjög fatlað barn sem er nýflutt í sveitarfélagið byrjaði í skólanum, að höfðu samráði við sviðsstjóra var ákveðið að ráða starfsmann, staðan verður metinn síðar á árinu.

Tveir starfsmenn létu af störfum í byrjun janúar og fengi því orlof gert upp, sem annars ætti að greiða í júlí.

Einnig eru þetta veikindalaun vegna starfsmanns sem er að fara í fæðingarorlof.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávik 0,8 m. kr.

Skýring: Matur er yfir áætlun sem er verið að skoða. Matur hefur hækkað og mikil forföll á starfsfólki hafa verið í eldhúsi sem kallar á ýmsar reddingar sem verða dýrari en áætlað var. Tyggingar eru yfir áætlun og hefur því verið vanáætlun á þeim bókhaldslykli.

04116 Hulduheimar - Neikvætt frávík 3,6 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 3,2 m. kr.

Skýring: Þessi frávík eru vegna veikindalauna, það var ráðinn inn starfsmaður vegna langtímaveikinda annars.

04119 Árbær - Neikvætt frávík 10,0 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 0,8 m. kr.

Skýring: Þátttökugjöld eru kr. 582 þús.kr. lægri en áætlað var. Seldur matur er 175 þús.kr. Lægri en áætlað var. Skýringin er fleiri systkin sem að þýðir lægri gjöld og afsláttur af leikskólagjöldum vegna fjarveru barna, vegna covid.

Laun - Neikvætt frávík 7,4 m. kr.

Skýring: Ófyrirséð veikindalaun eru kr. 6,7 millj.kr. Námsleyfislaun eru 368 þús.kr. Launatengd gjöld eru hærrí en gert var ráð fyrir t.d. tryggingargjald, lífeyrissjóður mótframlag og félagsgjöld.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 1,9 m. kr.

Skýring: Árbær fékk 1 millj.kr. til stólakaupa í fjárhagsáætlun 2021, búið er að kaupa stólana. Árbær fékk 998 þús.kr. til tölvukaupa í fjárhagsáætlun 2021, búið er að kaupa tölvur. Þannig að búnaðarkaup færast frammar í fjárhagsárið og ætti að jafnast út þegar líður á árið.

04120 Jötunheimar - Neikvætt frávík 2,2 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 1,6 m. kr.

Skýring: Erum 0,5 stöðugildi yfir vegna starfsmanns sem átti að fara í veikindaleyfi vegna barneigna og ráðið var í fullt stöðugildi fyrir viðkomandi starfsmann, aðstæður breyttust og fór hún í minnkað starfshlutfall og var því hálfu stöðugildi meira ein áætlun sagði til um. Einnig fór annar starfsmaður í barneignaleyfi í febrúar og annar ráðin í staðin.

04121 Brimver/Æskukot - Neikvætt frávík 1,2 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 0,6 m. kr.

Skýring: Afslættir á leikskólagjöldum, systkina- og einstæðraafslættir.

Laun - Neikvætt frávík 0,8 m. kr.

Skýring: Heildarstöðugildi eru yfir launaáætlun. Launaáætlun gerir ráð fyrir 24,78 stöðugildum en raun stöðugildi í febrúar eru 25,3. Gert er ráð fyrir að tilfærsla á stöðugildum milli leikskóla verði í mars. Veikindi starfsmanns, fæðingarorlof og einn starfsmaður kom inn í 62,5% afleysingastöðu.

04122 Goðheimar - jákvætt frávík 10,8 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 2,1 m. kr.

Skýring: Skoða þarf/leiðréttu launaáætlun út frá stöðugildum og hugsanlega tilfærslu á þeim. Verði það ekki gert munu neikvæð frávík launa hækka næstu mánuði.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávík 12,9 m. kr.

Skýring: Þessi kaup koma inn á næstu mánuðum og jafnast þá út.

04202 Endurgreiðslur vegna grunnskólabarna - Jákvætt frávík 10,0 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 10,0 m. kr.

Skýring: Fjölgun nemenda úr öðrum sveitarfélögum er meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

04213 Sunnulækjarskóli – Neikvætt frávík 8,7 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 4,0 m. kr.

Skýring: Frávík um 2,5% skýrist að ófyrirséðum langtímaveikindum.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 5,1 m. kr.

Skýring: 1,6 m. eru vegna bundinna liða. Þá hafa búnaðarkaup og viðhald búnaðar færst framur á fjárhagasárið en munu verða inn heimilda þegar líður á árið. Ófyrirséð langtímaveikindi hafa einnig leitt af sér ófyrirséðan auglýsingakostnað á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

04214 BES – Neikvætt frávík 9,9 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 1,1 m. kr.

Skýring: Minni sala í mótuneyti en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Laun - Neikvætt frávík 6,6 m. kr.

Skýring: Frávíkaskýringar eru vegna langtíma veikinda starfsmanna og vegna hækkaðs hlutfalls stuðnings vegna flókinna nemendamála (nemendur með greiningar).

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 2,1 m. kr.

Skýring: Kaup á tölvubúnaði og öðrum kennslugögnum voru meiri en áætlanir fyrir viðkomandi tímabil gerðu ráð fyrir. Gera má því ráð fyrir að sá kostnaður jafnist út yfir árið. Kostnaður við akstur hefur reynst meiri en ráð var gert fyrir.

04218 Sérdeild Sunnulækjarskóla– Jákvætt frávík 0,7 m. kr.

Laun - Jákvætt frávík 0,7 m. kr.

Skýring: Frávík um 2,2 % skýrist líklega af minni forföllum en áætlað var.

04281 Bifröst frístundaheimili - Neikvætt frávík 2,1 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 1,7 m. kr.

Skýring: Veikindalaun - Ráðið í afleysingu stjórnanda í veikindaleyfi.

04283 Frístund Hólar - Jákvætt frávík 1,2 m. Kr.

Laun - Jákvætt frávík 1,6 m. kr.

Skýring: Hefur verið færri börn og því ekki fullráðið í allar stöður. Hefur þó fjölgað börnum sem hafa stuðningsþarfir og líklegt að þetta frávík lækki á næstunni.

04510 Tónlistarskóli Árneseinga – Neikvætt frávík 0,8 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 1,1 m. kr.

Skýring: Tekjur úr Jöfnunarsjóði eru meiri en áætlun gerði ráð fyrir og sennilega á eftir á þessum tímapunkti að deila út þessari upphæð til annarra sveitarfélaga í Árneseyslu.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 1,7 m. kr.

Skýring: Skekkja er í áætlun á reiknuðum afnotum húsnæðis, gera þarf viðauka.

05 Menningarmál - Jákvætt frávík 1,3 millj.kr.

05710 Hátíðarhöld – Jákvætt frávík 2,2 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 0,7 m. kr.

Skýring: Hátíðarhöld ekki hafin á árinu og lægri kostnaður þar sem óvissa hefur dregið út kynningarstarfi.

Styrkir - Jákvætt frávík 1,5 m. kr.

Skýring: Flestir styrkir ekki greiddir út fyrr en um mitt ár. Mun jafnast út á seinni hluta ársins.

06 Æskulýðs- og íþróttamál - Jákvætt frávík 41,6 millj.kr.

Stærstu frávikin eru eftirfarandi :

- Skrifstofa íþrótt- og tómstundamála jákvætt frávík um 11,8 millj.kr.
- Íþróttavöllurinn á Selfossi jákvætt frávík 3,8 millj.kr.
- Sundhöll Selfoss jákvæð frávík 8,0 millj.kr.
- Íþrótt og tómstundastyrkir neikvæð frávík 13,6 millj.kr.

06015 Skrifstofa íþrótt- og tómstundamála – Jákvætt frávík 11,8 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 10,2 m. kr.

Skýring: Kostnaður vegna unglingslandsmóts ekki kominn inn og frístundastrætó er 2,5 m hagkvæmari en áætlun gerði ráð fyrir eftir febrúar.

06110 Leikvellir og sparkvellir – Jákvætt frávík 1,4 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 1,4 m. kr.

Skýring: Óverulegur kostnaður kominn inn á þessum tímapunkti. Mest af aðkeyptri þjónustu kemur inn síðar í vor og sumar.

06270 Vinnuskóli – Jákvætt frávík 1,8 m. kr.

Reiknuð afnot - Jákvætt frávík 2 m. kr.

Skýring: Áætlun var dreifð frá maí til desember, búið að dreifa áætlun yfir allt árið.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávík 0,2 m. kr.

Skýring: Starfsemi hefst í maí og því er aðeins fastur kostnaður fyrstu mánuðina.

06310 Félagsmiðstöð – Neikvætt frávík 0,7 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 0,4 m. kr.

Skýring: Yfirvinna verið hærri en áætlun gerði ráð fyrir á móti lægri mánaðalaunum.

06350 Ungmennahús – Neikvætt frávik 1,1 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávik 0,6 m. kr.

Skýring: Tekjurnar koma í einu lagi en í áætlun er þeim skipt jafnt niður á mánuði.

06511 Íþróttahús Vallaskóla – Jákvætt frávik 1,0 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 1,1 m. kr.

Skýring: Laun aðeins undir áætlun sem og viðhaldslyklar.

06513 Íþróttahús Staður – Jákvætt frávik 1,0 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 0,6 m. kr.

Skýring: Yfirvinna verið í lágmarki.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 0,6 m. kr.

Skýring: Kostnaður vegna viðhalds verið lægri það sem af er ári en fyrirhugaður kostnaður kemur inn síðar á árinu.

06551 Sundhöll Selfoss - Jákvætt frávik 8,0 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávik 4,7 m. kr.

Skýring: Er að láta skoða tekjubókanir í janúar. Mögulega hafa tekjur tvíbókast.

Laun - Neikvætt frávik 3,1 m. kr.

Skýring: Veikindalaun upp á 1,8 milljón hafa verið leyst með yfirvinnu.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 6,4 m. kr.

Skýring: Áætlun vegna kaupa á klórframleiðsluvél eru komnar að hluta inn en verður keypt í sumar. Annars eru viðhaldsmál í góðum farvegi.

06610 Íþróttavöllurinn á Selfossi - Jákvætt frávik 3,8 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 0,7 m. kr.

Skýring: Viðhald á völlum ekki hafið en kostnaður fellur að mestu til frá maí til okt.

Styrkir - Jákvætt frávik 3,1 m. kr.

Skýring: Erum að endurskoða samning við Umf. Selfoss og því kæmi inn leiðrétting/aukin kostnaður síðar á árinu.

06830 Íþrótt- og tómstundastyrkir - Jákvætt frávik 13,6 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávik 18,5 m. kr.

Skýring: Greiðsla frá ríkinu fyrir sértæka frístundastyrkinn komnar inn en eftir er að greiða út til foreldra sem sækja um.

Styrkir - Neikvætt frávik 4,4 m. kr.

Skýring: Þarf að skoða dreifingu áætlunar en greiðsla styrkja er rétt.

Stjórnsýslusvið

09 Skipulags og byggingarmál - Neikvætt frávík 3,5 millj. kr.

09020 Skrifstofa skip og bygg - Neikvætt frávík 1,6 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 1,2 m. kr.

Skýring: Nýjar ráðningar v. veikinda.

09220 Aðalskipulag - Neikvætt frávík 1,9 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 1,4 m. kr.

Skýring: Aðalskipulag í vinnslu. Mismunandi upphæðir sem dreifast yfir árið.

09230 Deiliskipulag – Neikvætt frávík 2,8 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávík 2,8 m. kr.

Skýring: Mismunandi upphæðir sem dreifast yfir árið.

09520 Byggingareftirlit - Jákvætt frávík 1,2 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 1,8 m. kr.

Skýring: Mismunandi á milli mánaða sbr. Það sem er rukkað í þjónustugjöld.

09710 Lóðir og lendur - Jákvætt frávík 1,5 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávík 1,4 m. kr.

Skýring: Gert var ráð fyrir kaupum á tækjabúnaði sem ekki hefur verið farið í.

Fjármálasvið

00 Skatttekjur - Jákvætt frávík 11,5 millj. kr.

00010 Útsvar - Jákvætt frávík 26,9 m.kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 26,9 m. kr.

Skýring: Greiðslur frá Fjársýslu ríkisins eru hærrí en áætlun gerir ráð fyrir, búast má við að frávík jafnist þegar líður á árið.

00060 Fasteignagjöld - Neikvætt frávík 9,5 m.kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 9,5 m. kr.

Skýring: Hluta af frávikum 4,5 millj.kr. má rekja til þess að afsláttur af fráveitugjaldi er færður hér og var leiðréttur í mars fyrir fyrstu 3 mánuðina en ekki í hverjum mánuði. Frávík vegna þessa leiðréttast í mars. Álögð fasteignagjöld eru 4,7 millj.kr. undir áætlun en jafnast þegar líður á árið og fleiri nýjar fasteignir koma inn.

00060 Jöfnunarsjóður - Neikvætt frávík 6,8 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 6,8 m. kr.

Skýring: Útgjaldajöfnunarframlag er 5,3 millj.kr. undir áætlun, rekstrarframlag vegna grunnskóla er 4,6 millj.kr. undir áætlun og framlag vegna málefna fatlaðra er 3 millj.kr. yfir áætlun.

21 Sameiginlegur kostnaður - Jákvætt frávík 4,1 millj. kr.

21410 Skrifstofa sveitarfélagsins - Jákvætt frávík 4,9 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 2,0 m. kr.

Skýring: Búið er að lagfæra þetta frávík.

Laun - jákvætt frávík 2,9 m. kr.

Skýring: Frávík skýrast að mestu leyti af því að gert er ráð fyrir starfsmanni frá 1.1.21 í áætlun en gengið var frá ráðningu viðkomandi starfsmanns í apríl.

21450 Upplýsingatæknideild- Neikvætt frávík 5,3 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 1,7 m. kr.

Skýring: Frávík eru vegna leiðréttingar á launum frá 2020 fyrir 2 starfsmenn vegna lífskjarasamninga og eingreiðslna og eingreiðslu frá 2020 fyrir 1 starfsmann.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 3,7 m. kr.

Skýring: Öryggisafritun af Microsoft umhverfi í mánaðar áskrift, Jira verkbeiðnakerfi í mánaðaráskrift, Siteimprove vefkerfi fyrir vef sveitarfélagsins(gæðakerfi, ársáskrift), rafrænar undirskriftir í mánaðaráskrift, Advania viðhald og áskrift vegna tenginga milli H3 og AD kerfa. Endurnýjun á tækjakosti(UT-deild og Auðlindin), verktaki í kerfisrekstri(Tenera, Þórir Harðarson)

21610 Starfsmannakostnaður - Jákvætt frávík 4,4 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 4,4 m. kr.

Skýring: Frávík má að stærstum hluta rekja til leiðréttingar á váttryggingum sem er fyrir mistök dagsett 1.1.21 en ekki 1.3.21. Frávík þessi leiðréttast því í mars.

Mannvirkja- og umhverfissvið

08 Hreinlætismál - Neikvætt frávík 8,5 millj. kr.

08210 Sorphreinsun og gámastöðvar - Jákvætt frávík 4,5 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 1,7 m. kr.

Skýring: Íbúafjölgun og sala á ruslatunnum til stofnana kemur aðeins þarna inn sem ekki var áætlað fyrir.

Laun - Neikvætt frávík 0,9 m. kr.

Skýring: Í launaáætlun er gert ráð fyrir fjórum sumarstarfsmönnum í 3 mánuði þ.e eitt stöðugildi allt árið. Ákveðið var að ráða í þetta stöðugildi allt árið. Þetta þarf að lagfæra við gerð næstu launaáætlunar.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávík 3,6 m. kr.

Skýring: Ranglega bókaður reikningar á 08230 á lykil 4989 aðkeypt vinna við sorphirðu skýrir þennan mun og á þetta í raun að vera neikvætt frávík um 7,9 m.kr til viðbótar hafa komið inn reikningar sem ekki var gert ráð fyrir á þessu tímabili t.d skilgrein vegna 2020 og tiltekt á árbökkum Ölfusár við golfvöll.

08230 Urðunarstaður - Neikvætt frávík 11,1 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávík 11,1 m. kr.

Skýring: Ranglega bókaður reikningur upp á 11,5m.kr á að fara á 08210 sem gerir deildina á pari eftir leiðréttingu.

08570 Hunda og kattæftirlit - Neikvætt frávík 2,2 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 2,8 m. kr.

Skýring: Dreifing ekki rétt í áætlun, lagast strax í mars mánuði.

Vöru og þjónustukaup - Jákvætt frávík 0,6 m. kr.

Skýring: Nánast á pari, jafnast út þegar líður á árið.

10 Umferðar og samgöngumál - Jákvætt frávík 14,9 millj. kr.

10210 Nýbygging gatna - Jákvætt frávík 2,7 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 2 m. kr.

Skýring: Dreifing eflaust ekki rétt.

10530 Götulýsing - Jákvætt frávík 1,5 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 1,5 m. kr.

Skýring: Kaup á rafmagni undir áætlun, vinna verktaka og sérfræðinga á eftir að koma inn þar sem unnið er að þjónustuútboði götulýsingar.

10610 Snjómokstur - Jákvætt frávík 14,4 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 14,4 m. kr.

Skýring: Hagstætt veðurfar það sem af er ári.

10710 Strætó Árborgarsvæði - Neikvætt frávík 3,9m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávík 3,9 m. kr.

Skýring: Viðhald eftir skemmdaverk, ný skilti á allar stoppistöðvar og dýrari akstur en gert er ráð fyrir í áætlun sem þarf að endurskoða í næstu áætlun.

11 Umhverfismál - Neikvætt frávík 6,2 millj. kr.

11020 Skrifstofa umhverfisdeildar - Jákvætt frávík 0,7 m. kr.

Laun - Jákvætt frávík 1,0 m. kr.

Skýring: Ekki er áætlað á laun á þessari deild - skoða þarf að leggja þessa deild niður því þetta tilheyrir allt þjónustumiðstöð.

11410 Ýmis opinn svæði - Neikvætt frávík 8,3 m. kr.

Vöru og þjónustukaup - Neikvætt frávik 8,3 m. kr. Þar af millifærslur 8,8 m. kr.

Skýring: Eigin vinna starfsmanna gefur ekki rétta mynd af heildarniðustöðunni, aðrar deildir eru þá sjálfkrafa undir áætlun á móti.

31 Eignasjóður - Neikvætt frávik 12,2 millj. kr.

31 Eignasjóður - Neikvætt frávik 12,2 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávik 7,7 m. kr. Þar af millifærslur 7,1 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 1,7 m. kr.

Skýring: Á eftir að færa eitt stöðugildi af þjónustustöð.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 7,7 m. kr. Þar af millifærslur 2,2 m. kr. neikvætt

Skýring: Aðeins hluti framkvæmdaáætlunar 2021 er virkjaður þar til skólar og leikskólar loka.

Afskriftir - Jákvætt frávik 2,5 m. kr.

Fjármagnsgjöld - Neikvætt frávik 29,9 m. kr.

33 Þjónustustöð - Neikvætt frávik 3,4 millj. kr.

33210 Rekstur áhaldahús – Jákvætt frávik 3,2 m. kr.

Laun - Jákvætt frávik 4,3 m. kr.

Skýring: Ekki fullmannað.

Vöru og þjónustukaup - neikvætt frávik 1,0 m. kr.

Skýring: Magninnkaup á rekstrarvörum sem jafnar sig út á árinu, vinnufatnaður á nýja starfsmenn sem jafnar sig út þegar líður á árið.

33310 Þjónustustöð vélar - Neikvætt frávik 3,0 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávik 4,1 m. kr.

Skýring: Ekki fullmannað og þar með ekki öll tæki í starfsemi.

Afskriftir - Jákvætt frávik 1,0 m. kr.

33810 Þjónustustöð sameiginlegt - Neikvætt frávik 3,6 m. kr.

Laun - Neikvætt frávik 1,0 m. kr.

Skýring: Uppgjör við verkstjóra þjónustumiðstöðvar sem jafnar sig út á árinu.

Afskriftir - Neikvætt frávik 2,2 m. kr.

51 Byggingarsjóður aldraðra - Neikvætt frávík 8,1 millj. kr.

51310 Byggingarsjóður aldraðra - Jákvætt frávík 7,6 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 8,0 m. kr.

Skýring: Minnihluti framkvæmdaáætlunar 2021 er orðinn virkur.

Fjármagnsgjöld - neikvætt frávík 0,5 m. kr.

67 Fráveita - Jákvætt frávík 1,2 millj. kr.

67 Fráveita rekstur - Jákvætt frávík 1,3 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 2,1 m. kr.

Skýring: Eflaust ofáætlað örlítið í feb og sept á árinu miðað við aðra mánuði.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávík 3,1 m. kr. Þar af millifærslur 3,9 m. kr.

Fjármagnsgjöld - neikvætt frávík 1,7 m. kr.

69 Vatnsveita - Neikvætt frávík 4,0 millj. kr.

69210 Vatnsveita rekstur - Neikvætt frávík 2,8 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávík 4,5 m. kr. Þar af millifærslur 4,5 m. kr.

Afskriftir – Jákvætt frávík 0,8 m. kr.

Mikill vinna hjá starfsmönnum í kringum borholur sem var verið að virkja og uppsetningu á flöggum á brunahönum v. snjómoksturs.

69810 Vatnsveita sameiginlegt - Neikvætt frávík 1,0 m. kr.

Afskriftir – neikvætt frávík 1,0 m. kr.

Reikningar frá DMM settir hérna sem ættu að vera á 69210

77 Selfossveitur – Neikvætt frávík 5,8 millj. kr.

77010 Hitaveita sala - Neikvætt frávík 11,0 m. kr.

Tekjur - Neikvætt frávík 11,0 m. kr.

Skýring: Heimæðargjöld í byrjun árs eru lægri enda ekki komið að því að leggja þær.

77201 Hitaveita sameiginlegt - Neikvætt frávík 3,3 m. kr.

Tekjur - Jákvætt frávík 5,3 m. kr.

Laun - Neikvætt frávík 6,7 m. kr.

Skýring: Uppgjör vegna kjarasamninga átti sér stað í febrúar. Ekki var gert ráð fyrir þessu í launaáætlun

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávik 1,8 m. kr. Þar af millifærslur 2,9 m. kr.

Skýring: Hluti af borholueftirliti endaði hér röng skráning á vinnuskýrslum.

77210 Hitaveita okuöflun - Neikvætt frávik 2,1 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 2,1 m. kr. - Þar af millifærslur 0,7 m. kr.

Skýring: Rafmagn er dýrara en áætlað var. Meiri fólksfjöldi og mikill kuldi í janúar. Frávik er neikvætt ekki jákvætt.

77211 Orkuflutningur - Neikvætt frávik 4,6 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Neikvætt frávik 4,6 m. kr. Þar af millifærslur 1,6 m. kr.

Skýring: Rafmagn er að hækka, einnig hefur verið meiri vinna í kringum rafstöð, barnasjúkdómar í nýrri dælustöð.

77212 Dreifikerfi - Jákvætt frávik 8,9 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 8,9 m. kr. Þar af millifærslur 6,5 m. kr.

Skýring: Lítil vinna við dreifikerfi ennþá. Eykst verulega þegar heimtaugar byrja að vori.

77810 Sameiginlegur kostnaður - Jákvætt frávik 1,8 m. kr.

Afskriftir - jákvætt frávik 1,0 m. kr.

Greiddir styrkir - jákvætt frávik 0,8 m. kr.

77811 Notendapjónusta - Jákvætt frávik 5,0 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 4,9 m. kr. Þar af millifærslur 5,7 m. kr.

Kostnaður vegna snjallmæla ekki kominn af stað.

77950 Fjármagnsgjöld - Jákvætt frávik 2,3 m. kr.

83 Sandvíkursetur – Jákvætt frávik 2,0 millj. kr.

83 Sandvíkursetur rekstur – Jákvætt frávik 2,0 m. kr.

Vöru- og þjónustukaup - Jákvætt frávik 1,8 m. kr.

Skýring: Framkvæmdaáætlun 2021 er í biðstöðu þar til hægist á skólastarfi í Fjölheimum.